

Sp.

138. Tillaga til þingsályktunar

[74. mál]

um dvalarheimili kaupstaðarbarna í heimavistarskólum.

Flm.: Jón Skaftason, Þórarinn Þórarinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leita samninga við hlutaðeigandi skólanefndir og sveitarstjórnir um það, að bæjarfélög eigi þess kost að fá til afnota á sumrin heimavistarskóla í sveitum til að hafa þar sumardvalar- og námsheimili fyrir kaupstaðarbörn.

Greinargerð.

Á síðustu áratugum hefur fólksfjöldi í þéttbýli hér á landi vaxið hröðum skrefum. Við það hefur atvinnulífið í landinu orðið fjölbættara en áður. En þessari þróun fylgja annmarkar, m.a. á sviði uppeldismála. Börn, sem ávallt dveljast í þéttbýli, fá litla kynningu af landinu og njóta ekki þeirra þroskaskilyrða, sem fjölbreytni sveitalífsins veitir. Stálpuð börn í þéttbýli vantar og tilfinnanlega verk efni við sitt hæfi, þegar skólar starfa ekki.

Mjög er að því keppt af hálfu foreldra að koma börnum úr kaupstöðum á sveitaheimili til sumardvalar. Yfirleitt er góð reynsla af því. En með vaxandi þéttbýli verða heimilin þar æ fleiri í hlutfalli við sveitabýlin og þeim mun erfiðara að fá aðsetur fyrir öll börn kaupstaða og kauptúna, sem aðstandendur þeirra vilja koma í sveit á sumrin. Þarf því að leita fleiri ráða í þessu efni.

Á síðari árum hafa verið reistir heimavistarskólar víða í sveitum, og standa þau hús yfirleitt auð á sumrin.

Hér er lagt til, að af hálfu fræðslumálastjórnarinnar verði teknir upp samningar við skólanefndir og sveitarstjórnir um það, að bæjarfélög eigi þess kost að fá til afnota á sumrin heimavistarskóla í sveitum til að hafa þar sumardvalar- og námsheimili fyrir kaupstaðarbörn.